

Alþingi
Erindi nr. P 130/1850
komudagur 16.4. 2004

Til allsherjarnefndar alþingis

Vinsamlegast komið til nefndarmanna í alsherjarnefnd Alþingis:

Vegna þingmáls nr. 749 um breytingar á lögum um útlendinga gerir stjórn Menningar- og friðarsamtaka ísl. kvenna eftirfarandi athugasemdir:

Frumvarpið brýtur gegn þeirri grundvallarreglu Stjórnarskrár Íslands að allir séu jafnir fyrir lögum.

Þetta er gert ef:

Sett verða önnur lög um innflytjendur hvað varðar friðhelgi einkalífsins.

Ef aðrar reglur eiga að gilda um forsendur hjúskapar innflytjenda. Ef réttur ættingja til að heimsækja og dveljast hjá fjölskyldum sínum er

takmarkaður.

Ef leyft verður að ráðast inn á heimili fólks.

MFÍK bendir á mikilvægi þess, að Íslendigar fari fram með gott fordæmi í heimi tortryggni og ófriðar og axli þá ábyrgð sem felst í því að vera ríkt og sjálfstætt lýðræðisríki í samfélagi þjóðanna.

--

María S. Gunnarsdóttir